

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2018

2021/EES/13/27

frá 6. júlí 2018

um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn (Orka)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2356 frá 15. desember 2017 um viðurkenningu á skýrslu Ástralíu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhræfna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽¹⁾.
- 2) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 41. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„41a. **32017 D 2356:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2356 frá 15. desember 2017 um viðurkenningu á skýrslu Ástralíu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhræfna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (Stjtið. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 55).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2356, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 55.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.